

Fiskislóð 2-8 og 10.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. júní 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar á athafnasvæði Reykjavíkurhafnar. Byggingareitir lóðanna Fiskislóð 2-8 og Fiskislóð 10 breytast og gerðir nýir skipulagsskilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. júlí 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING**um útflutningshlutfall dilkakjöts.**

Landbúnaðarráðuneytið hefur ákveðið að útflutningshlutfall fyrir dilkakjöt, sem ákveðið er skv. ákvæðum reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindkjöti, skuli vera 10% í ágústmánuði 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júlí 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingimar Jóhannsson.

AUGLÝSING**um deiliskipulag á reit 1 við Holtateig á Eyrarlandsholti, Akureyri.**

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag á reit 1 við Holtateig á Eyrarlandsholti, Akureyri, þann 20. júlí 1999. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Holtateig að sunnan, Mýrarvegi að austan og grænu svæði sunnan Hörpulundar að norðan. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 10. ágúst 1999.

F. h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri.